

12. FUNDUR STJÓRNAR HUNDARÆKTARFÉLAGS ÍSLANDS

STARFSÁRIÐ 2019-2020

Fimmtudaginn 12. mars kl. 18.00 var haldinn tólfti fundur stjórnar Hundaræktarfélags Íslands. Fundurinn var fjarfundur, unnin gegnum Microsoft Teams.

Mætt voru: Herdís Hallmarsdóttir formaður, Auður Sif Sigurgeirsdóttir, Heiðar Sveinsson, Svava Björk Ásgeirsdóttir og Þorsteinn Thorsteinson auk varamanna Guðbjargar Guðmundsdóttur og Guðna B. Guðnasonar.

Guðný Isaksen framkvæmdastjóri HRFÍ tók þátt í fundinum.

Þorsteinn Thorsteinson ritaði fundinn.

1. Félagsfundur og tölvumál

Umræður um þá stöðu sem komin er upp í þjóðfélaginu með útbreiðslu kórónaveirunnar, COVID-19. Stjórn hefur hingað til unnið að því að finna vettvang fyrir félagsfund þar sem fjalla á um tölvukerfið. Í ljósi aðstæðna er félagsfundur slegið á frest en unnið að kynningu fyrir félagsmenn á verkefninu og hafa Guðný og Guðni umsjón með fyrstu umferð þeirrar vinnu. Nauðsyn krefst þess að tölvukerfi HRFÍ verði uppfært og verður haldið áfram með verkefnið. Ef ekki verður hægt að halda félagsfundur verður verkefnið kynnt félagsmönnum á annan hátt og eru ýmsir möguleikar ræddir þar að lútandi.

2. Umsögn stjórnar til Atvinnuveganefndar Alþingis vegna breytinga á lögum um innflutning dýra (fylgiskjöl 1 og 2)

Atvinnuveganefnd Alþingis fer fram á umsögn HRFÍ um frumvarp til laga um breytingu á lögum um innflutning dýra, nr. 54/1990, með síðari breytingum (sóttvarna- og einangrunarstöðvar). Félagið hefur sent inn umsagnir vegna nýrra reglugerða og verða þær látnar fylgja umsögninni og ítrekaðar.

HRFÍ leggur sem fyrr áherslu á að dýravelferð verði ávallt í fyrirrúmi í öllum aðgerðum opinberra aðila og að meðalhófs verði gætt, ekki skal ganga lengra en nauðsyn krefur. Fyrir liggja drög að bréfi og er ákveðið að senda drögin til laganefndar HRFÍ til yfirlstrar.

3. Beituhlaupskeppni – erindi frá Mjóhundadeild (fylgiskjöl 3 og 4)

Í framhaldi samskipta stjórnar félagsins og stjórnar Mjódeildar er umsókn deildarinnar um beituhlaupskeppni afturkölluð að svo stöddu, m.a. vegna þess ástands sem nú er í þjóðfélaginu vegna kórónuveirunnar.

Deildin mun halda áfram að vinna að þýðingu og aðlögun reglna um beituhlaup (e. lure coursing) en ekki er hægt að veita meistarastig eða titla fyrir beituhlaup á Íslandi án reglna sem stjórn HRFÍ hefur samþykkt (sjá f.lið 11. gr. laga félagsins). Þá á einnig eftir að útfæra nokkur atriði er varða framkvæmd beituhlaups, aðallega er varða sölu keppnisbókar, gjaldtöku og veitingu meistarastiga. Ekkert er hins vegar sem kemur í veg fyrir að stjórn HRFÍ samþykki opinn beituhlaupsviðburð á vegum Mjöhundadeildar í framtíðinni.

- 4. Ósk um undanþágu frá gildistíma augnskoðunar – erindi frá félagsmanni (fylgiskjal 5)**
Óskað er eftir undanþágu frá gildistíma augnskoðunar hjá rough collie tík. Tíkin var augnskoðuð 8 vikna, sem er mikilvægasta augnskoðunin m.t.t. cea, þá greind crd mild. Í síðustu augnskoðun telst tíkin hins vegar “go normal” í cea augnsjúkdóminum. Tíkin fór að lóða fyrir en áætlað var og óskar eigandi hennar undanþágu frá gildistíma svo hægt verði að para hana núna. Eigandi hennar bendir á að í öðrum löndum sé ekki krafa um 18 mánaða gildistími augnskoðana hjá rough collie.

Erindinu er synjað en eiganda þakkað rökstuðninginn fyrir beiðninni. Ákveðið að óska eftir leyfi eiganda til að senda beiðnina áfram til stjórnar Fjár- og hjarðhundadeildar og þeirra er vinna að endurskoðun reglna um skráningu í ættbók HRFÍ enda væri gott ef þetta yrði skoðað af þeim aðilum.

- 5. Afsögn fulltrúa stjórnar HRFÍ í stjórn DÍF – erindi frá Guðríði Þorbjörgu Valgeirsdóttur (fylgiskjöl 6 og 7)**

Guðríður Þorbjörg Valgeirsdóttir þakkar það traust sem henni var sýnt með útnefningu sem tengiliður HRFÍ í stjórn DÍF. Hún segist hafa notið þess að starfa á þessum vettvangi en mun ekki sinna starfinu lengur vegna samstarfsörðugleika við formann DÍF og vandra samskipta innan stjórnar deildarinnar.

Stjórn HRFÍ harmar afsögn Guðríðar enda nýtur hún fulls trausts stjórnar og hlutverk tengiliðar mikilvægt.

Í Starfsreglum ræktunardeilda HRFÍ, 8. gr. segir:

8. Deild íslenska fjárhundsins ber ábyrgð á verndun, ræktun og heilbrigði íslenska fjárhundsins í umboði stjórnar HRFÍ. Stjórn tilnefnir því fulltrúa sinn í stjórn deildarinnar til tveggja ára í senn. Fulltrúinn situr sem áheyrnarfulltrúi með tillögurétt í stjórn DÍF og er hlutverk hans að vera sérstakur tengiliður milli stjórnar HRFÍ og DÍF um málefni sem varða íslenska fjárhundinn.

Umræður um málið og ákveðið að boða stjórn DÍF á fund og ræða stöðuna. Það verður þó ekki gert fyrir en varúðarráðstöfunum vegna kórónufaraldursins verður aflétt. Þá er rætt um leit að nýjum tengilið og verður DÍF tilkynnt um hver það verður um leið og það liggur fyrir.

6. Stofnstærðarrannsókn DÍF – Erindi frá Deild íslenska fjárhundsins (fylgiskjöl 8 og 9)

Stjórn DÍF óskar eftir rafrænum upplýsingum um alla ættbókfærða íslenska fjárhunda á Íslandi á árunum 2010-2020 ásamt persónuupplýsingum um eigendur þeirra. Þessar upplýsingar er stefnt á að nota í rannsóknarverkefni sem miðast að verndun og framgangi íslenska fjárhundsins.

Markmið verkefnisins er að kortleggja virka stofnstærð íslenska fjárhundsins í landinu og kanna stöðu stofnsins, erfðabreytileika og skrá hunda sem hafa farið í ófrjósemisaðgerð.

Í öðru skrefi verkefnisins er stefnt að því að skoða tengsl frjórna rakka og tíka við upprunalegu ræktunarhundanna (e. founders) og skoða hvort ákveðnar ræktunarlínur séu sjaldgæfar eða að hverfa og þá hvetja eigendur hunda af fágætum línunum til ræktunar.

Stjórn HRFÍ fagnar því að ræktunarráð DÍF hyggist kortleggja stofnstærð íslenska fjárhundsins á Íslandi og hefur óskað eftir að skrifstofa afhendi þær upplýsingar sem handbærar eru. Framkvæmdastjóri félagsins, Guðný Isaksen, verður í sambandi við DÍF um framhaldið.

Afhending gagna verður hins vegar að samrýmast lögum um persónuvernd. Vinnsla persónugreinanlegra upplýsinga er háð ótvíræðu, upplýstu og sértæku samþykki eigendanna og ekki er hægt að afhenda gögn í bága við þau skilyrði.

7. Nýr reikningur fyrir fjárhag Ungmennadeildar – erindi frá Ungmennadeild (fylgiskjal 10)

Stjórn Ungmennadeildar HRFÍ óskar eftir sérstökum reikning fyrir fjárhag deildarinnar á kennitölu HRFÍ. Þar yrði skráð á námskeið og viðburði Ungmennadeildar.

Almenn umræða um verkefnið og það falið framkvæmdastjóra, eins og aðra aðgreiningu og utanumhald um fjárhagsleg málefni félagsins. Þá er áréttað að sækja eigi um viðburði eins og námskeið og slíkt til stjórnar félagsins.

8. Bréf til sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu vegna fasteignamála

Almennar umræður um bréf til sveitafélaga á höfuðborgarsvæðinu vegna fasteignamála. Það óvissuástand sem er nú í þjóðfélaginu verður notað til að kanna landið og leitað ráða hjá félögum sem hafa verið í svipaðri stöðu, eins og t.d. íþróttafélögum.

9. Breyting á sýningareglum – erindi frá Sýningastjórn (fylgiskjal 11)

Vegna nýja sýningakerfisins þarf að leiðrétta grein 38 í sýningareglum félagsins. Í dag segir þar að hundur skuli hafa náð tilskildum aldri fyrir viðkomandi flokk daginn áður en

sýning hefst en danska kerfið miðar við upphafsdag sýningar og leggur sýningastjórn til að reglunum verði breytt í samræmi við kerfið.

38. gr. sýningareglna verður því [breyting feitletruð]:

Hvern hund má einungis skrá til keppni í einum flokki (undanskilið er keppni í ræktunar- og afkvæmahóp). Skráning í flokka miðast við aldur hundsins og þann árangur sem hundurinn hefur náð áður. Hundur skal hafa náð tilskildum aldri fyrir viðkomandi flokk **við upphafsdag sýningar**. Staðfesting á árangri þarf að berast fyrir lok skráningafrests á sýninguna.

Sýningastjórn leggur einnig til að grein 77, um útreikning á stigahæstu hundum verði breytt [viðbót feitletruð]:

77. Gefin eru stig til fjögurra efstu hunda í hverjum tegundahópi. Stigagjöf fyrir sætaröðun í tegundahópi fer eftir fjölda skráðra hunda, **að undanskildum hvolpum**, í tegundinni á viðkomandi sýningu. Stig eru aðeins gefin á opnum ræktunarsýningum félagsins á viðkomandi almanaksári, þar sem allar hundategundir geta tekið þátt. Stigahæsti hundur ársins er heiðraður á lokasýningu ár hvert.

Tillögur sýningastjórnar samþykktar.

10. Breytt reglugerð um innflutning hunda og katta (fylgiskjal 12)

Einangrun hunda við komu til Íslands hefur nú verið stytta úr 28 dögum í 14 en sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, Kristján Þór Júlíusson, birti nýja reglugerð um innflutning hunda og katta 9. mars. Þetta er mikill áfangasigur sem ber að fagna en Hundaræktarfélag Íslands mun að sjálfsögðu halda baráttu áfram að innflutningsmálum.

11. Samþykkt milli funda

a. Umsókn um deildasýningu – erindi frá Retrieverdeild (fylgiskjal 13-16)

Retrieverdeild HRFÍ sækir um deildarsýningu 26. september í Mánagrund, reiðhöllinni í Reykjanesbæ. Dómari er Jan-Erik Ek frá Svíþjóð sem er sérfræðingur í retrieverhundum. Sýningastjórn hefur engar athugasemdir og er sýningin samþykkt.

b. Aukin réttindi sýningadómara, Daníel Örn Hinriksson – erindi frá Sýningadómaranefnd (fylgiskjal 17)

Sýningadómaranefnd félagsins mælir með staðfestingu dómarréttinda Daníels Arnar Hinrikssonar á continental toy spaniel, bæði afbrigði (papillon og phaléne). Prófið var haldið á Norðurljósasýningu HRFÍ, 29. febrúar – 1. mars. Prófdómarar voru sýningadómararnir Marie Callert frá Svíþjóð og Tatjana Urek frá Slóveníu sem gáfu Daníel framúrskarandi umsögn. Samþykkt.

c. Aukin réttindi sýningadómara, Sóley Ragna Ragnarsdóttir - erindi frá Sýningadómaranefnd (fylgiskjal 17)

Sýningadómaranefnd félagsins mælir með staðfestingu dómara réttinda Sóleyjar Rögnu Ragnarsdóttur á íslenskan fjárhund. Prófið var haldið á Norðurljósasýningu HRFÍ, 29. febrúar – 1. mars. Prófdómarar voru sýningadómararnir Bo Skalin frá Svíþjóð og Harry Tast frá Finnlandi sem gáfu Sóleyju framúrskarandi umsögn. Samþykkt.

d. Síðari umsögn HRFÍ um drög Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytis að reglugerð um innflutning hunda og katta (fylgiskjal 18)

Fulltrúum HRFÍ var boðið á fund í Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu þar sem möguleiki gafst til að fylgja umsögn félagsins frá 2. janúar eftir og ræða sjónarmið félagsins. Eftir fundinn fékk félagið reglugerðina aftur til umsagnar og var send umsögn 21. febrúar.

Í umsögn félagsins var hvatt til þess að dýr væru heilbrigðisskoðuð strax við komuna til landsins og þar með myndi opnast möguleiki á að stytta einangrun enn frekar, niður í 10 daga. Þá hvatti félagið stjórnvöld til að endurskoða reglugerðina m.t.t. mótefnamælingar vegna hundaæðis frá löndum sem teljast laus við hundaæði og fella niður kröfu um þessa bólusetningu frá þessum löndum. Stjórn lagði ennfremur áherslu á að Matvælastofnun myndi setja sér skýrar málsmeðferðarreglur, það myndi auka fyrirsjáanleika auk þess að tryggja jafnræði og meðalhóf.

e. Umsögn um drög Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytis að reglugerð um einangrun og einangrunarstöðvar fyrir gæludýr (fylgiskjal 19)

21. febrúar sendi félagið frá sér umsögn um drög Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytis að reglugerð um einangrun og einangrunarstöðvar fyrir gæludýr. Í umsögn félagsins var fyrri afstaða ítrekuð, að hægt sé að stytta einangrunina enn frekar eða niður í 10 sólarhringa. Félagið leggur áherslu á að velferð dýra sé tryggð á meðan á einangrun stendur og að aðbúnaður sé góður. Heimild til heimaeinangrunar hjálparhunda er jákvætt skref og nauðsynlegt að Matvælastofnun gefi út góðar og ítarlegar leiðbeiningar þar að lútandi. Þá var bent á fyrri umsagnir félagsins um drög að reglugerð um innflutning hunda og katta og að líta ætti á þessi erindi sem eina heild.

f. Lokun skrifstofu

Vegna faraldurs kórónaveirunnar samþykkti stjórn að loka afgreiðslu á skrifstofu félagsins um ótilgreindan tíma frá 12. mars. Reynt verður að halda starfsemiinni óbreyttri og koma í veg fyrir að lokun bitni á þjónustu, sími félagsins er áfram opin og hægt að senda tölvupóst. Afgreiðslan mun opna með hefðbundnum hætti um leið og aðstæður í þjóðfélaginu leyfa.